

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingu:

1. *Breyting á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar í landi Hests í Grímsnesi.*
Í breytingunni felst m.a. að hámarksstærð frístundahúsa verður 150 m² í stað 80 m² og hámarksstærð aukahúsa á lóð verður 40 m² í stað 10-15 m². Nýtingarhlutfall lóðar skal að hámarki vera 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 15. mars 2007.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar á 20 ha spildu í landi Klausturhóla í Grímsnesi.*
Gert er ráð fyrir 28 lóðum á bilinu 0,5 – 0,7 ha þar sem heimilt verður að reisa allt að 150 m² frístundahús og allt að 25 m² aukahús á 20 ha spildu, en nýtingarhlutfall lóðar má þó að hámarki vera 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 15. mars 2007.
3. *Breyting á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar í landi Brjánsstaða, við Heiðarbraut, Grímsnesi.*
Heimilt verður að reisa allt að 40 m² aukahús (geymslu, svefnhús eða gróðurhús) á hverri lóð í stað 10-15 m². Nýtingarhlutfall lóðar má þó ekki vera hærra en 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 15. mars 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. ágúst 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2007